

Föstudaginn 23. maí 1958.

Nr. 132/1955. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

James Stanley Harper (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt stað togara ákærða 6. maí 1955 samkvæmt staðarákvörðun varðskipsins v/s Sæbjargar, og reyndist hann vera um 1.2 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

Með skírskotun til þessa, forsendna héraðsdóms og svo þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðla-krónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, James Stanley Harper, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1955.

Ár 1955, laugardaginn 7. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1786/1955: Ákærvaldið gegn James Stanley Harper, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er James Stanley Harper, skipstjóri á brezka togaranum Wyre Gleaner, F.D. 23, til heimilis í 14 Broadway West í Fleetwood, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara í gærmorgun vestur af Reykjanesi innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákæríst hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. apríl 1904 í Lowestoft. Hinn 25. marz 1955 var hann hér í sakadóminum dæmdur í 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 og afli og veiðarfæri togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, gerð upptæk, en sá dómur er nú undir áfrýjun.

Að öðru leyti hefur ákærði eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt skýrslu Jóns Jónssonar skipstjóra og Eyjólfss Hafsteins, I. stýrimanns á björgunar- og varðskipinu Sæbjörg, var varðskipið í gærmorgun á eftirlitsferð með landhelgislínunni norðvestur frá Eldey. Kl. 07.27 sást grunsamlegur togari, sem stefndi suður um, og var þá gerð þessi staðarákvörðun:

Keflavíkurflugvallarviti	> 29° 15'
Reykjarnesviti	> 32° 45'
Eldey	

og > Kefavíkurflugvallarvitinn í togaranum 56° 26'. Varðskipið var nú sett á fulla ferð og haldið í áttina til togarans. Kl. 07.49 beygði togarinn til vesturs. Var þá dregið upp stöðvunarmerki á varðskipinu og skotið þremur lausum skotum, og gaf þá togarinn merki um, að hann hefði numið staðar. Kl. 07.52 kom varðskipið að togaranum og voru hlerarnir þá að koma í gálkana.

Varðskipið setti þá út dufl rétt við hlið togarans og kl. 07.55 var gerð þessi staðarákvörðun við duflið:

Keflavíkurflugvallarviti	> 33° 24'
Reykjanesviti	> 36° 21'
Eldey	

og gefur það stað togarans 1,2 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna. Dýpi var 133 metrar. Varðskipið lagðist nú upp að togaranum og stökk II. stýrimaður þess um borð í hann. Síðan var settur út bátur og ákærði sóttur í togarann og fluttur yfir í varðskipið þar sem honum var tilkynnt, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna og sýndur staðurinn á sjókortinu. Hann véfengdi ekki staðarákvörðunina, en tók fram, að hann hefði ekki verið viljandi innan fiskveiðitakmarkanna. Honum var boðið að mæla með sextant, en hann neitaði því, sagðist hafa sofið og líklega hefði vindur og straumur borið togarann inn fyrir markalínuna. Enn fremur nefndi hann ratsjármiðun af Eldey í misvísandi SSA 9 sjómílna fjarlægð. Ákærða var tilkynnt, að hann yrði að fara til Reykjavíkur til frekari rannsóknar og síðan fluttur yfir í togarann. Þegar varpan var innbyrt, kom í ljós, að 2—3 körfur fiskjar voru í pökum og enn fremur voru á þilfarinu um 20 körfur fiskjar. II. stýrimaður og háseti af varðskipinu voru á verði í togaranum á leið til hafnar. Kl. 09.15 var duflið tekið upp, og héldu síðan bæði skipin til Reykjavíkur, en þangað var komið kl. 14.30. Veður var NV 3, sjór NV 2, léttskýjað.

Skipstjóri og I. stýrimaður varðsupsins gerðu framangreindar staðarákvarðanir í sameiningu og hafa þeir báðir staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði hefur eigi véfengt staðarákvörðunina.

Hann skýrir svo frá, að kl. 07.15 hafi hann byrjað að draga inn vörpuna úr næsta togi áður en varðskipið kom að togaranum. Þá gerði hann staðarákvörðun þannig, að dýpið var 74 faðmar og Eldey í a. m. k. 9 sjómílna fjarlægð og í áttina SAa S $\frac{3}{4}$ S. Þegar varpan hafði verið innbyrt, kom í ljós gat á henni. Farið var að gera við það og stóð sú viðgerð yfir í 25—30 mínútur og lá togarinn ferðlaus á meðan. Ákærði sá til ferða varðsupsins, en vissi þó ekki, að það var varðskip. Voru veiðarfæri togarans þá tilbúin til kasts, vörpupokinn og vængirnir úti. Ákærði ákvað nú að kasta að nýju og gerði það, þegar Eldey var 9 sjómíllur í misvísandi SSA frá togaranum. Varpa og hlerar fóru í sjó og gefnir voru út um 50 faðmar af togvírur, en þá skaut varðskipið aðvör-

unarskotunum þremur. Hætti ákærði þá að kasta og fór að draga inn veiðarfærin, eins fljótt og hann þorði vegna hættu á, að togvírarnir færu í skrúfuna og hafði hann ekki lokið við að innbyrða vörpuna, þegar varðskipið kom að togaranum og hann hafði numið staðar. Hann staðfestir, að duflið hafi verið sett út alveg við hlið togarans og að sér hafi verið gefinn kostur á að gera sextantmælingar í varðskipinu, en hann hafi ekki notfært sér það, vegna þess að hann hafi ekki þekkt staðina í landi, en bæði hann og varðskipsforingjarnir eru á einu máli um, að skyggnið hafi verið gott og þannig góð mælingarskilyrði.

Varðskipsmenn álíta, að togarinn hafi verið að innbyrða vörpuna úr togi, þegar varðskipið kom að honum, en því hefur ákærði neitað, en lýst aðgerðum sínum, eins og rakið hefur verið, og er eiðfest skýrsla bátsmanns togarans í samræmi við það. Eitthvað af fiski var í vörpupokanum ófráleystum, þegar varðskipsmenn komu um borð í togarann, en eigi geta þeir um það borið, hvort sá fiskur var dauður eða lifandi, og er ósannað, að athafnir togarans hafi verið aðrar en ákærði hefur frá skýrt.

Ákærði fullyrðir, að hafi hann verið innan fiskveiðitakmarkanna, hafi það verið án síns vilja og muni vindur og straumur hafa borið togarann inn fyrir mörkin til suðausturs.

Skipstjóri og I. stýrimaður tóku ekki eftir straumnum og telja hann hafa verið lítinn, en I. stýrimaður hefur skýrt frá því, að eftir að duflið hafi verið sett út, hafi skipið rekið dálítið undan vindi og báru í suðaustlæga átt.

Þar sem aðgerðir ákærða, þegar varðskipið kom að togaranum, eru veiðiaðgerðir í skilningi laga nr. 5/1920, og sannað er með skýrslum skipstjóra og I. stýrimanns varðskipsins óvæfingdum af ákærða, að togarinn var þá innan fiskveiðitakmarkanna, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952, en þar sem eigi er sannað, að hann hafi framið brot sitt af ásettu ráði, verður honum eigi dæmd fangelsisrefsing fyrir það eftir 5. gr. laga nr. 5/1920.

Þar sem um ítrekað brot ákærða er að ræða, þykir refsing hans með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, 443.53 brúttó rúmlestir, hæfilega ákveðin 90.000.00 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar

með taldir dragstrengir togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, vera upp-
tæk til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með
talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr.
800.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og
meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, James Stanley Harper, greiði 90.000.00 kr. í sekt
til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í 9 mánuði í
stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birt-
ingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togar-
ans Wyre Gleaner skulu vera upptæk til handa Landhelgis-
sjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr.
800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
